

Mosfellsbær, kt. 470269-5969 og Skátafélagið Mosverjar, kt. 640288-2489, (hér eftir nefndur „Mosverjar“) gera með sér eftirfarandi:

## **SAMNING**

um uppbyggingu skátaheimilis

### **1. gr.**

Samningur þessi byggir á áðurgerðri viljayfirlýsingu aðila frá 22. ágúst 2016.

Markmiðið með samningnum er að bæta aðstöðu Mosverja í Mosfellsbæ og stuðla að uppbyggingu nýs skátaheimilis norðan Varmárhóls í jaðri Ævintýragarðsins í Mosfellsbæ. Gert er ráð fyrir að skátaheimilið verði u.þ.b. 450 fm að stærð.

### **2. gr.**

Mosfellsbær mun leggja Mosverjum til fjárframlag að fjárhæð 65 milljónir króna sem komi til greiðslu á fimm ára tímabili á árunum 2017 – 2021. Mosverjar skuldbinda sig að verja framlagi þessu til uppbyggingar á aðstöðu fyrir Mosverja í Mosfellsbæ.

Í upphafi skal framlag þetta nýtt til kaupa á húsnæði undir starfsemi Mosverja að Álafossvegi 18, en stefnt skal að sölu á húsnæðinu þegar framkvæmdir hefjast á nýju skátaheimili Mosverja, sem staðsett verður í Ævintýragarðinum í Mosfellsbæ. Skuldbinda Mosverjar sig til þess að láta andvirði þess húsnæðis renna til framkvæmda við uppbyggingu á hinu nýja skátaheimili. Óheimilt er að láta andvirði hússins renna til annarra framkvæmda.

Greiðslu framlagsins verður háttað sem hér segir:

15. febrúar 2017	kr. 13.000.000
15. febrúar 2018	kr. 13.000.000
15. febrúar 2019	kr. 13.000.000
15. febrúar 2020	kr. 13.000.000
<u>15. febrúar 2021</u>	<u>kr. 13.000.000</u>
Samtals	kr. 65.000.000

Framlag Mosfellsbæjar tekur breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu í nóvember 2016, 130,8 stig.

Mosverjar skulu gefa út reikning fyrir framangreindum fjárhæðum þar sem tilgreindur er sá bankareikningur sem greiðsla skal lögð inn á. Reikningar eru greiddir inn á þann bankareikning sem tilgreindur er á innsendum reikningi.

Mosfellsbær mun leggja til lóð undir byggingu nýs skátaheimilis í Ævintýragarðinum án endurgjalds og gera um hana lóðarleigusamning. Mosfellsbær veitir Mosverjum framlag til greiðslu gatnagerðar-, bygginga- og tengigjalda veitna Mosfellsbæjar vegna nýbyggingarinnar.

### **3. gr.**

Mosverjum er óheimilt að selja, veðsetja eða kvaðabinda með öðrum hætti lóðarleigurétt sinn eða nýtt skátaheimili án skriflegs samþykkis Mosfellsbæjar hverju sinni. Kvöð þessa efnis skal þinglýst á lóðina og skátaheimilið þegar mögulegt verður. Hið sama gildir um húsnæðið að Álafossvegi 18.

Gegn framlagi Mosfellsbæjar skv. 2. gr. skal Mosfellsbær eignast hlut í skátaheimilinu. Eignarhlutur þessi skal ráðast af endanlegri hlutdeild framlags Mosfellsbæjar í heildarkostnaði

við byggingu skátaheimilisins. Skulu Mosverjar ganga frá afsali og/eða öðrum nauðsynlegum heimildaskjölum þessu til staðfestu þegar endanlegur byggingarkostnaður liggur fyrir.

Mosverjum skal skylt að upplýsa um heildarkostnað við byggingu nýs skátaheimilis, eða við kaup á fasteign við Álafossvegi 18, að beiðni Mosfellbæjar.

Þrátt fyrir að væntanlegt skátaheimili verði í sameign samningsaðila verður umsjá, rekstur og rekstrarkostnaður fasteignanna alfarið á hendi Mosverja, enda njóta Mosverjar alfarið allra nota og arðs af eigninni. Óheimilt er að nýta húsnæði Mosverja undir annað en hefðbundna starfsemi skáta. Þó er Mosverjum heimilt að leigja út hluta húsnæðisins til þriðja aðila til mjög skamms tíma í senn, svo sem undir veislur og aðra viðburði.

#### **4. gr.**

Mosverjar skulu fara með stjórn framkvæmda og bera ábyrgð á þeim samningum sem gerðir verða við verktaka og aðra aðila um efniskaup og framkvæmdir.

Mosverjar skulu fylgjast með framkvæmdum og halda utan um kostnað við framkvæmdir vegna byggingu skátaheimilisins. Með framlögðum reikningum skal fylgja yfirlit yfir stöðu framkvæmdakostnaðar hverju sinni.

#### **5. gr.**

Mosfellsbær skal tryggja aðkomu að skátaheimilinu beint frá Tunguvegi. Mun Mosfellsbær standa straum af kostnaði við gerð aðkomu þessarar.

#### **6. gr.**

Vanefni Mosverjar ákvæði samnings þessa skal Mosfellsbæ heimilt að stöðva frekari greiðslur skv. 2. gr. samnings þessa. Þá skal Mosfellsbæ heimilt að endurkrefja Mosverja um þá fjárhæð sem ráðstafað verður í andstöðu við samning, með dráttarvöxtum. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir að Mosfellsbær geti beitt öðrum vanefndaúrræðum í samræmi við almennar reglur kröfu- og samningaréttar.

Vanefni Mosfellsbær ákvæði samnings þessa skal Mosverjum heimilt að beita vanefndaúrræðum í samræmi við almennar reglur kröfu- og samningaréttar.

#### **7. gr.**

Rísi ágreiningur milli aðila um samkomulag þetta skal mál vegna hans rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu frumeintaki.

Mosfellsbæ, \_\_\_\_. apríl 2017

---

f.h. Skátafélagsins Mosverja

---

f.h. Mosfellsbæjar